

Fundargerð aukafundar vegna sýninga 31.08.20

Mánudaginn 31. ágúst kl. 18:00 var haldinn aukafundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands, einungis eitt mál var á dagskrá.

Fundurinn var haldinn í Teams og hófst kl. 18:00

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Heiðar Sveinsson, Svava Björk Ásgeirsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir auk varamanns Önnu Guðjónsdóttur. Guðni B. Guðnason varamaður boðaði forföll.

Guðný Isaksen framkvæmdastjóri HRFÍ sat fundinn.

Guðbjörg Guðmundsdóttir ritaði fundinn.

Einungis eitt mál var á dagskrá, en það var svar sýningastjórnar um erindi stjórnar til þeirra um hvort unnt væri að halda sýningar í haust með eingöngu íslenskum dómurum.

Sýninganefnd sendi inn tillögur um 4 sýningar sem yrðu haldnar 2 helgar, og hverri sýningu skipt í tvö "holl". Þannig mætti halda sýningar sem uppfylla kröfur almannavarna um sóttvarnir og samt gefa félagsmönnum kost á því að fá íslensk meistarastig á hundana sína. Síðan eru áform um að halda hvolpasýningu með íslenskum dómurum þar sem allar tegundir geta tekið þátt. Málið rætt og ákvað stjórn að þetta yrði spennandi, en jafnframt krefjandi verkefni og var einhuga samþykkt.

Áformað er að sýningarnar fari fram innandyra í reiðhöll, verið er að kanna nákvæmlega hvar er fýsilegasti kosturinn.

Á sýningunum verður það gert að skilyrði að dómara og starfsfólk beri andlitsgrímur og mælst verður til þess að sýnendur beri einnig andlitsgrímur.

Varðandi þær deildarsýningar sem áformaðar eru í haust, þá er nokkuð ljóst að þeir dómara sem deildirnar ætluðu að flytja inn muni ekki koma (vegna skimana hér og sóttkvíar heima fyrir). Engin deildanna hefur haft samband við sýningastjórn um að fá íslenska dómara og samkvæmt reglum um deildarsýningar þarf sérfræðing á tegundir deildanna til að halda þær. Í ljósi þröngrar fjárhagsstöðu félagsins mun stjórn mælast til þess að deildir fresti sýningum sínum þar til þetta ástand lagast.

Þá má líta til þess í framhaldinu, sem er hefð á hinum Norðurlöndunum, að deildir hvetji deildarmeðlimi sína í sýningadómaranám og gerist sérfræðingar í tegundum deildar sinnar.

Rætt var um að kanna möguleika þess, þegar tilslakanir aukast, að fá hingað erlendan dómara/erlenda dómara til að hafa hér meistarastigssýningu fyrir þær tegundir sem ekki eiga íslenskan dómara.

Ekki þykir gerlegt að heiðra stigahæstu hunda, öldunga eða ræktendur eftir þetta ár. Því mun sá viðburður falla niður þetta árið.

Fleira var ekki rætt á fundinum og honum slitið kl. 18:30